



Kópavogur, október 2021

Viðmið fyrir val á verkefnum Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka

Markmið Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka er að hvetja til nýsköpunar og þróunar og styðja við bakið á frumkvöðlaverkefnum sem stuðla að heimsmarkmiðum 4, 5, 9 og 13 sem bankinn leggur sérstaka áherslu á – sjá nánari bakgrunnsupplýsingar um heimsmarkmiðin á www.heimsmarkmidin.is.

Til að umsókn sé metin þarf hún að fylgja [Úthlutunarreglum fyrir frumkvöðlasjóð Íslandsbanka](#) - þar með talið að uppfylla markmið sjóðsins um stuðning við heimsmarkmiðin og innihalda umbeðnar upplýsingar sem óskað er eftir á www.islandsbanki.is/is/grein/umsokn-um-styrk-ur-frumkvodlasjodi.

Eftirfarandi viðmið liggja til grundvallar þess mats sem lagt er á umsóknir í sjóðinn. Viðmiðin tryggja að úthlutunarnefnd og umsækjendur hafa skýra mynd af þeim kröfum sem gerðar eru til verkefna. Mikilvægt er að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta umsóknir séu í umsókn og ekki þurfi að koma til viðbótarþekking á fyrirtæki eða verkefni.

Lykilþættirnir í mati umsókna eru:

- A. Samfélagsleg áhrif:** Markviss nálgun og stuðningur við heimsmarkmiðin (50% vægi í heildarmati)
- B. Framkvæmd:** Skýr og raunhæf framkvæmdaráætlun (50% vægi í heildarmati)

Undirþættir umsókna verða metnir á skalanum 0, 1, 2 en einkunnir eru metnar á eftirfarandi hátt fyrir hvern þátt:

Einkunn	Skýringar
2	Góð umsókn með enga eða litla veikleika
1	Umsókn með umtalsverða veikleika
0	Umsókn sem fellur á lágmarkskröfum Umsókn sem hefur meiriháttar veikleika Umsókn sem fellur á lágmarksþrepi í matsliðum



A) Samfélagsleg áhrif

A.1. Markviss nálgun varðandi hvernig verkefnið styður við heimsmarkmið 4, 5, 9 og 13 (eitt eða fleiri). Er t.d. skýrt hvaða heimsmarkmið eru í brennidepli og hvernig lausnin styður við þau heimsmarkmið? (25%):

	Vantar markvissa nálgun varðandi stuðning við heimsmarkmið	Takmörkuð markviss nálgun varðandi stuðning við heimsmarkmið	Mjög markviss nálgun varðandi stuðning við heimsmarkmið
Einkunn	0	1	2

A.2. Heildaráhrif verkefnisins á heimsmarkmið eru mælanleg og skýr. eru t.d. sett fram „SMART“ markmið um jákvæð samfélagsleg áhrif/útkomu verkefnisins? Er samfélagslegur ávinningur í samræmi við kostnað verkefnisins (þ.e. gott virði fyrir peningana)? (25%):

	Áhrif/útkoma óskýr og illmælanleg	Áhrif/útkoma nokkuð skýr og mælanleg	Áhrif/útkoma mjög skýr og mælanleg
Einkunn	0	1	2

B) Framkvæmd

B.1. Leið til áhrifa er skýr og rökstudd. Verk-, kostnaðar- og tímaáætlun er sett fram með greinagóðum hætti og í samræmi við markmið. (25%)

	Leið til áhrifa óskýr og ekki nægjanlega rökstudd	Leið til áhrifa nokkuð skýr og/eða að hluta til rökstudd	Leið til áhrifa mjög skýr og vel rökstudd
Einkunn	0	1	2

B.2 Áætlun er raunhæf og framkvæmanleg. Hvernig, hvar og með hverjum á að ná markmiðunum innan tímamarka og kostnaðar. eru t.d. til staðar þekking, reynsla, tengingar og samstarf sem gera líklegra að verkefnið hafi tilætluð áhrif (25%):

	Áætlun er óraunhæf og litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun	Áætlun er frekar raunhæf og nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun	Áætlun er raunhæf og mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun
Einkunn	0	1	2